



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi) (Þingskjal 1228 — 717. mál, 150. löggjð.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Barnaheill leyfa sér að styðja við og taka undir umsögn Rauða krossins um frumvarpið og þakka Rauða krossinum fyrir afar vel unna umsögn og þeirra framlag til réttarverndar flóttafólks og þá sérstaklega barna.

<https://www.raudikrossinn.is/media/auglysingar/Umsogn-RKI-um-frv.-til-breytinga-a-utl.-o.fl.-mai-2020.pdf>.

Að auki leggja Barnaheill áherslu á mikilvægi þess að allar ráðstafnanir eða ákvarðanir yfirvalda er varða börn séu byggðar á því sem börnunum er fyrir bestu, sbr. 3. grein Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Af því leiðir að allar takmarkanir á réttindum barna sem festa á í lög þarf að rökstyðja og byggja á raunverulegu mati á áhrifum þeirra ákvarðana á líf barna sem hingað leita eftir alþjóðlegri vernd. Ákvarðanir sem teknar eru um takmarkanir réttinda skulu einnig vera byggðar á því sem börnum er fyrir bestu, ef þær eru yfirleitt mögulegar með því skilyrði, í því vel stæða ríki sem Ísland er.

Barnaheill telja að farin sé röng leið að því að bæta úr þyngslum í afgreiðslu flóttamannamála og of löngum málsmeðferðartíma með tillögum þeim sem fram koma í frumvarpinu. Svo virðist sem tillögurnar miði að því að flýta málsmeðferðartíma með því að skerða verulega rétt fólks til að fá mál sín skoðuð nægilega vel eins og réttur allra stendur til, m.a. á grundvelli rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og jafnframt á rétti allra til réttlátrar málsmeðferðar.

Barnaheill hvetja íslensk stjórnvöld til að taka aukinn þátt í flóttamannavanda heimsins með því að rýmka frekar möguleika flóttafólks, sér í lagi barnafjölskyldna, til að öðlast hér alþjóðlega vernd og axla þannig ábyrgð sína á sameiginlegu verkefni alls heimsins, flóttamannavandanum, sem m.a. má rekja til loftslagsvandans sem vestræn ríki eiga stóran þátt í að hafa valdið. Til þess þarf að leggja fram aukið fjármagn og fjölga starfsfólki Útlendingastofnunar og gera betur fyrir hvern og einn einstakling í stað þess að draga úr einstaklingsréttindum flóttafólks.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja áherslu á bann við mismunun og jöfn tækifæri allra barna til að njóta bestu mögulegu lífsskilyrða.